



STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 7

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ þriðjudaginn 28. júní 2011 í félagsheimilinu Miklagarði á Vopnafirði. Hófst kl. 09:00.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jón Þórðarson, Stefán Bogi Sveinsson, Jóhann Þórhallsson (varam. Gunnþórunnar Ingólfssdóttur), Bárður Jónasson og Vilhjálmur Jónsson. Jens Garðar Helgason boðaði forföll og mætti ekki varamaður í hans stað. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, er ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

- Næstu skref fram að aðalfundi SSA í kjölfar skýrslunnar um Austf. einingu.**
Í skýrslunni er fjallað um samstarfsverkefni o.m.fl. og getur hún notast sem grunnur, þegar og ef frekari skoðun á sameiningu sveitarfélaga á starfssvæði SSA á sér stað. Fram kom í umræðunni, að tillit hefur verið tekið til athugasemda Vopnfirðinga við endanlegan frágang, en þær voru kynntar á síðasta fundi AE. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar undir lið 4 hér að neðan.
- Almenningssamgöngur:**
BHG kynnti stöðu mála. Auk þess lá fyrir fundarg. 1. fundar starfshópsins „AL SAM AUST“ (Almenningssamgöngur á Austurlandi), en hún hafði verið send á AE. AE gerir ekki athugasemd við áform um að ráða Smára Ólafsson, umhverfisverkfræðing hjá VSÓ til að vinna að framgangi málsins í samræmi við upplegg frá honum, sem farið var yfir á fundinum. Vegagerðin mun fjármagna ákveðna þætti málsins, en að öðru leyti þarf að sækja heimild til AE / stjórnar SSA til að ganga frá samningi og fjármögnun. Símafundur Smára, Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur form. AL SAM AUST og BHG, frkvstj. SSA verður fimmtud. 30. júní og í framhaldi af því verður vinnuhópurinn kallaður saman.
- Fjárfestinga(r)áætlun v/ fjárlaga 2012:**
Á fundi AE á Djúpvogi 14. júní 2011 var fjallað um málið á grundvelli orðsendingar úr forsætisrn. 3. júní 2011, en þar kemur fram að „landshlutarnir (eigi að) skila inn áherslum sínum varðandi forgangsröð verkefna fjárlaga 2012. (Síðar segir): „Fjárfestingaráætlun verður ætlað að veita heildaryfirsýn yfir fjárfestingar ríkisins á komandi árum. Skilgreina þarf nánar hvað teljast fjárfestingar en í aðalatriðum er um að ræða fjármagn í framkvæmdir og stofnkostnaðarverkefni, ýmist til lengri eða skemmri tíma“. Á öðrum stað kemur fram ...“**Tilraunaútgáfur sóknaráætlana landshluta fyrir árið 2012 verða unnar með þeim hætti að landshlutarnir skili inn til ríkisins tillögum að 5-7 áhersluverkefnum vegna fjárlaga fyrir árið 2012 sem samræmist áherslum Ísland 2020. Áhersla verði lögð á verkefni sem þegar eru á fjárlögum t.d. fjármögnun einstakra verkefna af hálfu vaxtar- og menningarsamninga þar sem kostur er. Endurskipulagning stoðkerfis atvinnulífs og byggðapróunar taki mið af svæðissbundnum áherslum heimamanna. Tillögur um verkefni og forgangsröðun skulu lagðar fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál og síðan fyrir ríkisstjórn.** (Leturbreyt.: BHG).
Vegna óvissu um verkefnið frestar AE frekari umfjöllun um málið. Óskað verður eftir frekari útskýringum frá hlutaðeigandi ráðuneytum og verða nefndarmenn í AE og stjórn SSA upplýst um þær, þegar þær liggja fyrir.
Í framhaldi af umfjöllun á síðasta fundi AE var rætt um nauðsyn þess að gera svæðisskipulag fyrir starfssvæði SSA, m.a. byggt á fyrirliggjandi aðalskipulögum sveitarfélaganna, eða samræmingu þeirra. Í því yrði að taka mið af áherzlum á sviði



samgöngumála, áforma eða hugmynda um uppbyggingu atvinnusvæða og fjölmargra annarra þátta er varðað geta fjárfestingaáætlanir til lengri tíma litið.

Ákveðið að verkefnið verði eitt af aðalmálum á næsta fundi AE (sjá 6. lið).

4. Undirbúningur tillagna fyrir aðalfund SSA um samstarfsverkefni / verkefni, er falla undir markmiðin, sem lágu að baki því að AE var komið á laggirnar.

Nokkuð ítarleg umfjöllun varð um þennan lið og lið 1 hér að framan. Upp úr stendur að upphaflega hugmyndin um stóra sameiningu á Austurlandi hefur „týnzt“ eftir kosningar 2010 og þess í stað er verið að skoða kosti og galla á ákveðnum samstarfsverkefnum („málaflokkavinna“). Skýrsla um starf AE, m.a. í formi allra fundargerða hópsins, mun verða lögð fyrir aðalfund SSA á hausti komanda.

5. Samvinnuverkefni: (Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands, sat fundinn undir þessum lið). Fjallað var um eftirtalda dagskrárliði, en þeir voru báðir „undir“ samtímis:

5.1. Tenging skólastiga.

Málið hefur áður verið til umfjöllunar á vettvangi AE. M.a. hefur verið um það rætt, að vísa því til skoðunar hjá stjórn Skólaskrifstofu Austurlands (SKA).

5.2. Skólamál; (rekstur skólastofnana á vegum sveitarfélaga og nýting framhaldsskóla á starfssvæði SSA)

JÞ hafði framsögu um málið. Hann rifjaði upp að rekstur grunn-, leik- og tónlistarskóla er fjárfrekasti málaflokkur sérhvers sveitarfélags og að yfir helmingur af ráðstöfunarfé sveitarfélaga fer til fræðslumála. Taldi hann eðlilegt - ekki sízt, þegar að krepptur - að mönnum yrði starsýnt á málaflokkinn. Hann nefndi einnig „flóttu frá framhaldsskólastiginu á Austurlandi“ og taldi að menn yrðu að spyrja sig að því hvort menn vildu hafa hér skólakerfi, sem stæðist samanburð við önnur svæði. Um væri að ræða langtímamarkmið og eðlilegt og nauðsynlegt að fá forstöðumann SKA til skrafs og ráðagerða um málið á þessum vettvangi.

Sigurbjörn þakkaði fyrir að fá tækifæri til að koma á fundinn. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að það væru sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna, foreldra og nemenda að menn ættu þess kost og teldu fýsilegt að stunda sem lengst nám í eða sem næst heimahögum. Markmiðið hlyti því að vera að unga fólkið nýtti framhaldsskólana í heimabyggð. Þetta mætti m.a. gera með því að auka samstarf milli grunn- og framhaldsskóla í fjórðungnum og tryggja að hvorir um sig þekktu starf hins og leituðu leiða til að stilla saman strengi sína. Liður í því væri að fá hópa af vettvangi forsvarsmanna beggja skólastigana til að setjast niður og ræða á hvern hátt menn gætu tekið málin fastari tökum.

Ítarleg umfjöllun varð um málið. Niðurstaðan varð sú, að AE mun hlutast til um samráðsfund með hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en í byrjun ágúst. Æskilegur fundarstaður; Reyðarfjörður. Boðaðir verði eftirtaldir: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og skólanefndir framhaldsskólanna, þ.e.; Verkmenntaskólans í Neskaupstað, Menntaskólans á Egilsstöðum og Handverks- og Hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Auk þess forsvarsmenn Skólaskrifstofu Austurlands, formaður skólastjórafélagsins og forsvarsmenn sveitarfélaganna á starfssvæði SSA.

6. Önnur mál:

- a) Ákveðið að næsti fundur AE verði haldinn á Breiðdalsvík mánud. 15. ágúst.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 12:00. Bj. Hafþór Guðmundsson (fundarritari).

Að loknum fundinum bauð Vopnafjarðarhreppur upp á veglegan hádegisverð á Hótel Tanga.

Að því búnu var farin kynnisferð undir leiðsögn Bárðar Jónassonar. Fyrst sýndu hann og Höskuldur Haraldsson allt vinnsluferlið við flokkun og frystingu makrils á vegum **HB Granda á Vopnafirði**. Mjög fróðlegt og áhugavert var að verða vitni að því hve gífurleg lyftistöng veiðarnar og vinnslan er fyrir samfélagið í heild og hversu nútímavætt og tæknilegt



vinnsluferlið er. Framleiðslan skapar engu að síður fjölmörg störf í samfélaginu og sannar að þegar gjöfult er við sjávarsíðuna, iðar flest af lífi og fjölmargir, sem tök eiga á og vettlingi geta valdið, eiga þess kost að bera mikið úr bítum á tiltölulega stuttum tíma, reyndar með erfiði og miklu vinnuframlagi.

Þessu næst var haldið í Menningarmiðstöðina Kaupvang . **Þekkingarnet Austurlands** hefur útibú í Kaupvangi og stendur fyrir margs konar menntaverkefnum, sem Þórunn Egilsdóttir, oddviti Vopnafjarðarhrepps og starfsmaður Þekkingarnetsins kynnti. Þarna er m.a. **Vesturfaramiðstöð Austurlands** til húsa og einnig **Múlastofa**, sýning um líf og list Jóns Múla og Jónasar Árnasona.

Á neðri hæðinni er **Upplýsingamiðstöðin Kaupvangskaffi** og þar reiddi Ágústa Þorkelsdóttir fram dýrindis veitingar. Fræddi hún og oddvitinn viðstadda um ýmis menningartengd verkefni. Þar kom fram að á veturna hittast áhugamenn um sögu Vopnafjarðar vikulega í svonefndu myndagrúski, en þá skoða þeir og skrá gamlar vopnfirzkar ljósmyndir. Viðstaddur var Halldór K. Halldórsson, sem fer fyrir hópnun, er hefur þegar komið upp safni þúsunda mynda, en þær elztu eru frá lokum 19. aldar. Í þessu skyni er nýtt sérstakt forrit, sem er hannað af Þór, syni Halldórs, en hann er búsettur á Höfn.

Um kl. 15:30 voru gestgjafarnir á Vopnafirði kvaddir og héldu aðkomumenn til baka yfir Hellisheiði, án þess að sýnilegt væri að hin háu „stál“ í snjósköflunum eftir snjóruðning síðustu vikna, hefðu nokkuð látið á sjá frá því fyrr þennan sama dag.

bhg